

Gæsluvellir 2022

1702253 26. apríl 2022

Gæsluvöllurinn Róló hefur verið rekin á sama tíma og leikskólar fara í sumarlokanir síðustu ár. Opið hefur verið á einum stað og árin 2019 og 2020 í leikskólanum Hvammi í suðurbænum.

Árið 2020

Opið var frá kl. 9:00 – 12:00 og 13:00 – 16:00. Klippikort var hægt að kaupa í gegnum „mínar síður“ á www.hafnarfjordur.is bæði var hægt að kaupa 5 og 10 skipta kort. Boðið var upp á ávexti eða grænmeti í millimál þar sem ekki var í boði að koma með sitt eigið nesti að heiman. Róló er hugsaður sem eins til þriggja tíma afþreying fyrir yngstu börnin meðan leikskólarnir eru lokaðir en koma þó ekki í stað leikskóla. Ekki er í boði að nýta plássið bæði fyrir og eftir hádegi sama dag.

Að meðaltali voru 23,35 börn á dag á Róló árið 2020, 10,75 fyrir hádegi og 12,6 eftir hádegi.

Sala korta á Róló

Fjöldi skipta	Róló 2020	Róló 2019	Róló 2018
5	49	72	39
10	37	45	31
Samtals seld pláss	615	810	505

Ekki eru til nákvæmar skráningar yfir notendur en að sögn þeirra sem hafa starfað þarna hafa aðallega íbúar í nágreninu nýtt sér þjónustuna. Á góðviðrisdögum þá fyllist Róló og vísa verður frá því fjöldi barna á hvern starfsmann er takmarkaður.

Vinnuskóli Hafnarfjarðar hefur umsjón með rekstrinum og starfsmenn koma þaðan.

Unnið var að verklagsreglum árið 2018 og úr könnun meðal foreldra árið 2017 sjá skjal hér fyrir neðan en þar er fjallað um öryggi og starfsemina.

Mælt er með því að árið 2022 verði Gæsluvöllurinn Róló rekin á tveimur stöðum í Hafnarfirði, sitt hvorum megin við Lækinn. Annar staðurinn verði á Völlunum og hinn nær miðbænum. Markmiðið er að veita fleiri fjölskyldum þjónustu. Þessi aldurshópur er ekki á leikjanámskeiðum.

Geir Bjarnason

Vinnuskjal um gæsluvöll í Hafnarfirði frá 2018

Mál nr. 1702253

Vinnuhópur um starfsemi gæsluvalla í Hafnarfirði leggur fram tillögu að gæsluvelli sem uppfyllir þær kröfur sem Hafnarfjarðarbær gerir til starfsemi gæsluvallar í umsjá bæjarins. Átt er hér við kröfur um öryggi og gæði starfseminnar.

Tillaga þessi er grundvölluð á undirbúningsvinnu sem átt hefur sér stað með eftirfarandi hætti:

Upplýsingaöflun um rekstur gæsluvalla í nágrannasveitarfélaginu Kópavogi um:

- Opnunartíma
- Vistunartíma barna
- Aldursviðmið barna
- Faglegar áherslur
- Samsetning á starfsmannahóp gæsluvalla

Lagaleg ákvæði og reglur um starfsemi gæsluvalla skoðuð:

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum, starfsleyfisskilyrði fyrir gæsluvelli og opin leiksvæði.

Upplýsingar úr könnun meðal foreldra sem notfærðu sér þjónustu gæsluvalla í Hafnarfirði sumarið 2017.

Einnig eru niðurstöður funda vinnuhóps um tilgang með starfsemi gæsluvalla, faglegrar ábyrgðar, réttindum barna og gæðakröfur til slíkrar starfsemi grundvöllur fyrir tillögunni.

Tillaga starfsemi um gæsluvöll í Hafnarfirði

Markmið:

Gæsluvöllur rekinn af Hafnarfjarðarbæ er fyrst og fremst ætlaður sem frístundaúrræði fyrir börn á aldrinum 3ja – 5 ára. Ekki er mikið framboð af leikjanámskeiðum í boði fyrir þennan aldurshóp vegum Hafnarfjarðarbæjar eða íþróttafélaga bæjarins. Markmið með gæsluvellinum er að skapa vettvang fyrir börn að leika sér í frjálsum leik á útisvæði þar sem þau styrkja félagsleg tengsl, líkamlegt þol, fimi og samhæfingu í jafningjahópi.

Fjöldi barna:

Fjöldi barna hverju sinni miðast við að mest séu 5 börn á hvern starfsmann og er miðað við sama fjölda og kveðið er á um í vistun hjá dagforeldri skv. reglugerð um daggæslu í heimahúsum nr. 907/2005.

Fjöldi barna hverju sinni tekur mið af lóð, leikrými og starfsmannafjölda en þó aldrei fleiri en 20 börn hverju sinni miða við rekstrarkostnaðarforsendur.

Staðsetning og umgjörð

Staðsetning og aðstaður jafnt inni sem úti verða að uppfylla allar kröfur sem gerðar eru um starfsleyfisskilyrði skv. lögum nr 7/1998.

Gæsluvöllur þarf að vera í sérhúsnæði þar sem aðstaða er til að matast eða leita skjóls fyrir vindi og veðrum og fara á salerni. Kosta þarf til viðhald og undirbúning svo að aðstaða sé viðunandi fyrir rekstur gæsluvallar á því svæði sem ætlaður er til þeirrar starfsemi.

Faglegar skuldbindingar

Starfsmaður sem fer með forstöðu gæsluvallar skal hafa uppeldimenntun eða að lágmarki 5 ára samfellda starfsreynslu af leikskólastarfi eða daggæslu, lágmarksaldur til að gegna þeirri stöðu er 20 ár. Starfsfólk sem ráðið er til að sinna starfsemi gæsluvallarins skal hafa náð 18 ára aldri og hafa lokið námskeið í skyndihjálpi barna. Leggja skal fram dagsskipulag þar sem fram koma faglegar áherslur á frístundastarfi með ungum börnum á gæsluvellinum og samskiptasáttmála sem gerir grein fyrir samskiptaháttum við börn, foreldra og meðal starfsfólks.

Opnunartími

Gæsluvöllurinn er opinn frá klukkan 9 – 11.30 og frá klukkan 12.30 – 15.30. Í boði verður að velja annaðhvort fyrir hádegi eða eftir hádegi.

Öryggi

Ganga verður úr skugga um að sú starfsemi sem boðið er uppá uppfylli öll hugsanleg skilyrði að því leyti að verði slys á meðan á opnunartíma gæsluvallarins er séu börn og starfsfólk að fullu tryggt og ekkert sé á skjön við reglugerðir þar að lútandi.

Umsýsla

Barn sem óskar eftir að fá að dvelja á gæsluvelli skráir sig á „mínar síður“ og allar nauðsynlegar upplýsingar um barnið þar með.

Óskir um daga á gæsluvelli og tími dags eru einnig skráðir og er barnafjöldi dreift á þá daga sem opið er eftir því sem pláss leyfa.

Í boði verður hámarksfjöldi daga, þannig að gætt verður að því að barn verði ekki allar 4 vikur á gæsluvelli á meðan leikskóli lokar, enda er gæsluvöllur frístundaúrræði, ekki vistunarúrræði.

Greitt er fyrirfram fyrir tíma á gæsluvelli og verður gjaldi stillt í hóf.

Gera þarf ráð fyrir undirbúningi fyrir opnun gæsluvallar og því þarf forstöðumaður að hefja störf tveim vikum fyrir eiginlega opnun.

Kostnaður

	Forstöðumaður	3 starfsmenn
Mánuðir	1,5	1,1
Stöðugildi	1	0,9
Fjöldi starfsmanna	1	3,0
Mánaðarlaun	540.000	335.000,0

Mánaðarlaun	810.000	994.950	
Itgj.	178.200	218.889	
Orlof	82.377	101.186	Samtals
	<hr/>		
Samtals	1.070.577	1.315.025	2.385.602

Kostnaðarliðir

Forstöðumaður	1.070.577
3 starfsmenn	1.315.025
Leiktæki	50.000
Leikföng	250.000
Viðhald	100.000
Starfsleyfi	100.000
Tryggingar	500.000
	<hr/>
	3.385.602

20. mars 2018

Geir Bjarnason

Hrund Apríl Guðmundsdóttir

Jenný Dagbjört Gunnarsdóttir